**2026**

**Fasteignagjöld:**

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,43% af heildarfasteignamati.
B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.
C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

| **Afsláttur** | **Tekjur einstakl** | | | | **Tekjur hjóna** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **100%** | Allt að | 4.988.121 | | | Allt að | 8.110.033 | | |
| **75%** | Frá | 4.988.122 | til | 5.522.561 | Frá | 8.110.034 | til | 8.978.963 |
| **50%** | Frá | 5.522.562 | til | 6.107.901 | Frá | 8.978.964 | til | 9.930.651 |
| **25%** | Frá | 6.107.902 | til | 6.744.143 | Frá | 9.930.652 | til | 10.965.094 |

ii) Vatnsgjald:

Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 71.719 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 21.530,-.

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,27% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 200.000 kr á íbúðarhús.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 17.426.
Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.307 pr./m3

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:
Rotþró 0 –6000 lítra kr. 10.455.
Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 2.706 pr./m3

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Um aukahreinsun og gjald fyrir hana fer samkvæmt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið, sjá 4 i).

iv) Lóðarleiga:
Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2026:

**Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði**

| **Tegundir úrgangs og ílát:** | |
|---|---|
| Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát | 38.860 kr. |
| Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát | 9.081 kr. |
| Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna) | 5.427 kr. |
| Plast 240 l ílát (græntunna) | 5.427 kr. |

**Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs**

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

| | |
|---|---|
| Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði | 32.283 kr. |

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

| | |
|---|---|
| Lögbýli | 21.550 kr. |
| Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) | 46.779 kr. |

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.
Móttökugjald á einn $m^3$: 7.500 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 8 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2026.
Fasteignagjöld greiðast öll á einum gjalddaga ef álagning er undir 50.000 kr.

Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.